

**Nd.**

**805. Frumvarp**

til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Á eftir tölulið 7 í 2. gr. laga nr. 35, 20. október 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands, komi tveir nýir liðir, svo hljóðandi:

8. Tengilina milli Hjarðarfells og Borgarness.
9. Talsímalínan Vik í Mýrdal — Hornafjarðar.

2. gr.

4. gr. í greindum lögum orðist svo:

Til þriðja flokks teljast þau talsímasambönd, sem fyrirhuguð eru, en ó-

talin í 1. og 2. flokki, svo sem: Til Grenivíkur, Hvammstanga, Skagastrandar og Kálfshamarsvíkur, Grundarfjarðar, Unaóss og Borgarfjarðar austur, Loðmundarfjarðar, Raufarhafnar, Súgandafjarðar, Reykjarfjarðar (Kúvíkna) og Trjeyllisvíkur í Strandasýslu; til Snæfjalla og þaðan að Höfða í Grunnavík; til Staðar í Aðalvík um Hesteyri, frá Hesteyri að Höfn á Hornströndum; um Barðastrandarsýslu; frá Borgarnesi að Svignaskarði; frá Hafnarfirði um Garðahverfi til Sviðholtshverfis á Álftanesi; frá Hafnarfirði um Voga til Grindavíkur; frá Keflavík til Hafna; frá Hraungerði að Torfastöðum í Biskupstungum og upp í Hreppa, upp á Land og niður í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu; svo og frá Eystri-Garðsauka að Hlíðarenda. Enn fremur símakerfi í kaupúnum og þorpum, sem landssjóður eignast.

3. gr.

Á eftir orðinu »aðallinum« í 5. gr. 3. málsg. laganna komi: og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir.

4. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist:

Litlar þráðlausar firðviðskiftastöðvar er stjórninni og heimilt að stofnsetja, eftir því sem þörf er á, annað hvort til þess að koma einstökum landshlutum í samband við símakerfi landsins eða vegna siglinganna. Skal hjerað það, er hlut á að máli, venjulega taka þátt bæði í stofnkostnaði og rekstrarkostnaði þessara stöðva, eftir því sem landsstjórnin ákveður í hvert sinn lögum samkvæmt.

5. gr.

Á eftir orðunum »samkvæmt 5. gr.« í 7. gr. laganna komi: (að undan skildum 8. og 9. lið 2. greinar).

6. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Það skal jafnan vera skilyrði fyrir því, að stofnsettar sju talsímastöðvar til almenningsnota, að hreppurinn ábyrgist starfræksluna eftir þeim reglum, sem gilda um venjulegar talsímastöðvar, og landsstjórnin ákveður nánar.

Þegar samningar þeir falla úr gildi, sem nú eru milli símastjórnarinnar og sveitarstjórna um greiðslu kostnaðarins við rekstur símastöðva, eða stofnsettar eru nýjar stöðvar, greiðir landssíminn af kostnaði þessum ekki minni hluta en hjer segir:

a. Af rekstrarkostnaði I. flokks B.  $\frac{4}{5}$ .

b. — — — II. —  $\frac{2}{5}$ .

c. Rekstrarkostnað símastöðva III. flokks greiðir landssíminn venjulega að hálfu, en rekstrarkostnað þeirra stöðva, sem settar eru í þágu einstakra manna eða hreppa, án þess að landssíminn hafi tekjur af þeim að nokkrum mun, greiði hlutaðeigendur að öllu leyti.

d. Rekstrarkostnað stöðva, sem settar eru eingöngu vegna eftirlits með símanum, greiðir landssíminn að öllu leyti.

7. gr.

Lög nr. 52, 3. nóvember 1915, um breytingu á lögum nr. 35, 20. október 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands, eru úr gildi numin.